



Sjálfsmat

Skólaárið 2020-2021



HEIÐARSKÓLI

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
1. UM SKÓLANN	3
1.1. SKÓLANÁMSKRÁ.....	4
1.2. SKÓLASTEFNA HEIÐARSKÓLA.....	4
2. SJÁLFSMAT	5
2.1. MATSAÐFERÐIR.....	6
2.2. SKILGREINING Á INNRA OG YTRA MATI.....	7
2.3. INNRA MAT 2020 - 2021.....	7
2.3.1 Nemendakannanir.....	7
2.3.2 Starfsmannakannanir.....	8
2.3.3 Foreldrakannanir.....	8
2.4. YTRA MAT 2020 – 2021.....	8
2.4.1 Samræmd próf í 4., 7. og 9. bekk.....	8
2.4.2 Logos skimunarpróf í 6. og 9. bekk. (fylgiskjal 2).....	8
2.4.3 Talnalykill í 3. og 6. bekk (fylgiskjal 3).....	9
3. MATSÁÆTLUN HEIÐARSKÓLA 2020 – 2021	9
4. NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS 2020 - 2021	10
4.1. NEMENDAKANNANIR.....	11
4.1.1. Samræmd próf.....	11
4.1.2. Lestur og lesskilningur.....	16
4.1.3. Stærðfræði og talnaskilningur.....	21
4.1.4. Viðhorf nemenda.....	23
4.2. STARFSMANNAKANNANIR.....	30
4.2.1 Starfsmannakönnun Skólapúlsins.....	30
4.2.2 Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar.....	33
4.3. FORELDRAKANNANIR.....	34
4.3.1 Foreldrakönnun Skólapúlsins.....	34
4.3.2 Viðhorf foreldra til streymis árs hátíðar.....	36
4.4. FRAMKVÆMDARMAT Á NOKKUR VERKEFNI Á SKÓLAÁRINU 2020 - 2021.....	37
5. SAMANTEKT	39

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir sjálfsmati í Heiðarskóla skólaárið 2019 - 2020. Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirkri umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri. Matið er altækt, þar sem öll helstu svið skólans eru metin, og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 28-29

Í fylgiskjöllum skýrslunnar eru matsáætlanirnar, áherslu- og umbótaáætlun og þær kannanir sem voru gerðar skólaárið 2020-2021.

1. Um skólann

Þann 21. júlí 1997 var fyrsta skóflustungan tekin að Heiðarskóla. Heiðarskóli er byggður sem tveggja hliðstæðna heildstæður grunnskóli, sem eru tvær bekkjardeildir frá 1. – 10. bekk. Hann er jafnframt fyrsti skólinn á Íslandi, sem byggður er í einum áfanga, með íþróttahúsi og sundlaug. Skólinn tók til starfa haustið 1999.

Í stuttu máli er skólinn þannig byggður að eftir honum endilöngum er breiður og bjartur gangur, stundum kallaður „menntavegurinn“. Sunnan megin við ganginn eru verk- og tónmenntastofur, auk raungreinastofu. Norðan megin við ganginn eru þrjú kennslustofuhús á tveimur hæðum, alls 6 almennar kennslustofur í hverju húsi. Kennslustofuhúsin eru auðkennd með litum, gult (yngsta stig), rautt (miðstig) og blátt (unglingastig). Hægt er að opna á milli tveggja stofa á hverri hæð. Í miðrými skólans er samkomusalur/matsalur á neðri hæð, en á efri hæðinni er stjórnunarrými, námsráðgjafi, fundaaðstaða, skólasafn, upplýsingamennt og kaffistofa starfsmanna. Út frá miðrýminu í norðurátt er aðstaða til

Íþróttaiðkunar, sundlaug og íþróttasalur. Skólaárið 2020 - 2021 eru u.þ.b. 410 nemendur í skólanum í 20 bekkjadeildum. Við skólann starfa u.þ.b. 60 starfsmenn. Stjórnskipulag skólans byggir á skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveimur deildarstjórum. Almennir kennara- og starfsmannafundir eru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði og oftast ef þörf þykir.

Nemendaverndarráð er skipað aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum, námsráðgjafa, sálfræðingi, kennsluráðgjafa frá fræðsluskrifstofu og hjúkrunarfræðingi. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega og hefur það hlutverk að starfa að velferðarmálum nemenda.

Við skólann starfar skólaráð og fundar það a.m.k. tvisvar sinnum á skólaári. Við skólann er einnig starfandi foreldrafélag.

1.1. Skólanámskrá

Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. aðgerðir gegn einelti, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, forvarnaráætlun, rýmingaráætlun og áætlanir um hvernig unnið er með Uppbygginstefnuna og nemendur sem fara á undan í námi. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

1.2. Skólastefna Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki milli fólks. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá og gerð er starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að Heiðarskóli sé í röð fremstu skóla á landinu.

Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.



VIÐ VILJUM AÐ NEMENDUR OKKUR SÉU:



Markvisst er unnið að þessum áhersluatriðum. Í starfsáætlun og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að styrkja þessa þætti í skólastarfinu.

2. Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram víðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum í skólastarfinu. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort að umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl. Sjálfsmatsteymið ber ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og kemur með tillögur til umbóta þar sem við á.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna.
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

2.1. Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans og markmið.

Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er sett fram áherslu- og umbótaáætlun. Eftir tiltekinn tíma er farið yfir hvort úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri.

Matsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið er birt í starfsáætlun skólans.

2.2. Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Menntamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á.

2.3. Innra mat 2020 - 2021

2.3.1 Nemendakannanir

Lesferill (fylgiskjal 1)

Í 1.-10. bekk eru lesfimiþróf lögð fyrir í september, janúar og maí. Umsjónarkennarar hafa umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu í 1. – 6. bekk, íslenskukennarar í 7. bekk og sérkennari í 8. – 10. bekk. Niðurstöður er skráðar í Mentor og þannig komið áleiðis til foreldra.

Lesskimun í 1.bekk (fylgiskjal 2)

Lesskimun í 1. bekk er mats- og stuðningskerfi í lestrarkennslu, ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Lesskimunarþróf er lagt fyrir að hausti í 1. bekk þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu. Niðurstöðurnar úr þeim þrófum er nýttar þannig að nemendum er skipt upp í hópa út frá niðurstöðum og unnið sérstaklega með þá þætti sem nemendur þurfa þjálfun í.

Nemendakönnun (fylgiskjal 3)

Könnun Skólapúlsins er lögð fyrir nemendum í 6. – 10. bekk. Nemendakönnunin fer fram í fjórum 40 - 42 nemenda úrtökum, í september, nóvember, janúar og maí. Niðurstöður liggja fyrir að vori og eru þær kynntar á starfsmannafund í lok skólaárs eða upphafi þess næsta skólaárs ásamt umbótaáætlun.

2.3.2 Starfsmannakannanir

Viðhorf kennara og starfsfólks til ýmissa viðburða

Eftir sérstaka viðburði í skólanum s.s. þemadaga, árshátíðar, háttvísidag og fleira er kallað eftir álitum starfsfólks á því hvernig til tókst.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins (fylgiskjal 4)

Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir þriðja hvert ár og var hún framkvæmd á þessu skólaári. Var hún lögð fyrir í mars og mældi 11 almenna þætti.

Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar

Vinnustaðagreining var gerð af Maskínu fyrir Reykjanesbæ. Markmiðið er að kanna viðhorf og líðan starfsmanna í þeim tilgangi að gera Reykjanesbæ að betri vinnustað.

2.3.3 Foreldrakannanir

Viðhorf foreldra til streymis árshátíðar (fylgiskjal 5)

Árshátíð skólans var streymt til foreldra þetta skólaárið þar sem ekki var unnt á móti gestum vegna Covid-19. Send var út könnun til foreldra til að fá þeirra upplifun af streyminu.

Foreldrakönnun Skólapúlsins (fylgiskjal 6)

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í apríl og mælir hún 41 þátt í sex flokkum.

Foreldrakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir þriðja hvert ár.

2.4. Ytra mat 2020 – 2021

2.4.1 Samræmd próf í 4., 7. og 9. bekk (fylgiskjal 7)

Samræmd próf eru lög fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk í öllum grunnskólum landsins. Tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Með þessari endurgjöf er til dæmis hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, hvort breyta þurfi áherslum í námi, hvað þurfi að bæta og almennt hver séu gæði menntunar.

2.4.2 Logos skimunarpróf í 6. og 9. bekk. (fylgiskjal 8)

LOGOS er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Prófinu er ætlað að greina nánar lestrarerfiðleika eða staðfesta grun um

lestrarerfiðleika sem komið hafa fram hjá nemendum í almennum lestrarprófum. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra.

2.4.3 Talnalykill í 3. og 6. bekk (fylgiskjal 9)

Talnalykill er bæði staðlað og markbundið próf. Mælitölur prófsins gefa til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við nemendur í sama árgangi eða bekk í einstökum þáttum stærðfræðinnar. Markbundin túlkun á niðurstöðu prófsins veitir upplýsingar um styrk og veikleika í kunnáttu nemanda í námsþáttum stærðfræðinnar.

3. Matsáætlun Heiðarskóla 2020 – 2021

Hvað er skoðað	Hvenær	Undirbúningur og framkvæmd	Úrvinnsla	Hvað er gert við niðurstöður
Viðhorf nemenda í 6. – 10. bekk.	September, nóvember, janúar, mars og maí.	Aðstoðarskóla-stjóri. Skólapúlsinn.	Skólapúlsinn, skólastjórnendur.	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Foreldrum tilkynnt um birtingu. Farið yfir helstu niðurstöður með skólaráði.
Lestur. Lesfimipróf lögð fyrir alla nemendur í 1. - 10. bekk þrisvar sinnum á skólaárinu.	September, janúar og maí.	Umsjónarkennarar í 1. – 6. bekk, íslenskukennarar í 7. bekk og sérkennari í 8. – 10. bekk.	Umsjónarkennarar í 1. – 6. bekk, íslenskukennarar í 7. bekk og sérkennari í 8. – 10. bekk.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum, sérkennara og íslenskukennurum. Brugðist við niðurstöðum samkvæmt aðgerðaráætlun skólans og áætlanir gerðar til úrbóta.
Lestur. Lesskimun fyrir 1. bekk lögð fyrir.	Október.	Umsjónarkennarar í 1. bekk/ sérkennari.	Umsjónarkennarar í 1. bekk/ sérkennari.	Brugðist við niðurstöðum og áætlanir gerðar til úrbóta. Umsjónarkennarar ræða niðurstöður við foreldra.
Lestur. Logos lestrarskimun í 6. og 9. bekk.	Janúar og apríl.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, sérkennara, umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Niðurstöðum skilað til foreldra. Brugðist við niðurstöðum samkvæmt aðgerðaráætlun skólans og áætlanir gerðar til úrbóta.

Stærðfræði. Talnalykill í 3. og 6. bekk.	Október og nóvember.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og stærðfræðikennurum. Niðurstöðum skilað til foreldra með þar til gerðum eyðublöðum. Niðurstöður greindar og áætlanir gerðar til úrbóta.
Íslenska og stærðfræði í 4., 7., og 9. bekk.	September og mars.	Menntamála- stofnun og deildarstjóri eldra stigs.	Menntamála- stofnun og stjórnendur.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og faggreinakennurum. Niðurstöðum skilað til nemenda og foreldra með vitnisburðarskjölum Menntamálastofnunar. Niðurstöður greindar og áætlanir gerðar til úrbóta.
Viðhorf kennara til ýmissa viðburða	Ýmsum tímum yfir skólaárið	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Greint frá niðurstöðum í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans.
Viðhorf starfsmanna til ýmissa þátta í skólastarfinu	Mars	Skólastjórnendur og Skólapúlsinn	Skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Foreldrum tilkynnt um birtingu. Farið yfir helstu niðurstöður með starfsfólki skólans.
Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar	Október	Reykjanesbær	Reykjanesbær	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans.
Viðhorf foreldra til ýmissa þátta í skólastarfinu	Febrúar	Skólastjórnendur og Skólapúlsinn	Skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Foreldrum tilkynnt um birtingu. Farið yfir helstu niðurstöður með starfsfólki skólans og skólaráði.
Viðhorf foreldra til streymis árshátíðar	Mars	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Greint frá niðurstöðum í sjálfsmatsskýrslu.

4. Niðurstöður sjálfsmats 2020 - 2021

Hér er greint frá niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2020 - 2021

4.1. Nemendakannanir


4.1.1. Samræmd próf

Einn af mörgum þáttum sem skoðaðir eru þegar meta á gæði skólastarfsins eru niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 9. bekk. Niðurstöður samræmdra prófa eru byggðar á því að meta stöðu hvers nemanda með samanburði við jafnaldra á landinu öllu og eru prófin því ein leið af mörgum til að afla og miðla upplýsingum um stöðu nemenda og skólans. Markmið Heiðarskóla er að nemendur nái eins góðum árangri á samræmdum könnunarprófum og þeir hafa forsendur til. Í samræmdum prófum álitum við það vera viðunandi árangur að vera við landsmeðaltal.

Í september 2020 fóru samræmd próf fram í 4. og 7. bekk. Samræmd próf í 9. bekk fór fram í apríl 2021. Annmarkar voru á rafrænni fyrirlögn prófanna í 9. bekk sem varð til þess að menntamálaráðherra og Menntamálastofnun breytti fyrirkomulagi þeirra og voru þau valkvæð fyrir nemendur.

4. bekkur

Þegar niðurstöður nemenda Heiðarskóla í 4. bekk eru skoðaðar má sjá hvernig raðeinkunnir nemenda eru í samanburði við landsmeðaltal. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1 til 99 og sýnir stöðu nemandans miðað við árganginn í heild. Nemandi sem fær raðeinkunnina 60 stendur sig jafn vel eða betur en 60% nemenda á landinu öllu.



Próf	Hluti	Raðeinkunn 1 - 24	Raðeinkunn 25 - 75	Raðeinkunn 76-99
Íslenska	Heild	29,20%	54,20%	16,70%
	Lestur	31,20%	50%	18,80%
Stærðfræði	Heild	20%	52%	28%
	Reikningur og aðgerðir	16%	56%	28%

Þetta stöplarit sýnir meðaltal Heiðarskóla undanfarin 3 ár í samanburði við landsmeðaltal.




Viðbrögð:

Frammistaða nemenda í 4. bekk er fyrir neðan landsmeðaltal í íslensku og við landsmeðaltal í stærðfræði. Það eru viðunandi niðurstöður í stærðfræði en ekki í íslensku. Kennarar á yngsta stigi og stjórnendur rýndu í niðurstöðurnar þegar þær lágu fyrir og skoðuðu leiðir til úrbóta.

7. bekkur

Þegar niðurstöður nemenda Heiðarskóla í 7. bekk eru skoðaðar má sjá hvernig raðeinkunnir nemenda eru í samanburði við landsmeðaltal. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1 til 99 og sýnir stöðu nemandans miðað við árganginn í heild. Nemandi sem fær raðeinkunnina 60 stendur sig jafnvel eða betur en 60% nemenda á landinu öllu.



Próf	Hluti	Raðeinkunn 1 - 24	Raðeinkunn 25 - 75	Raðeinkunn 76-99
Íslenska	Heild	29%	58%	13%
	Lestur	36%	52%	13%
Stærðfræði	Heild	22%	50%	28%
	Reikningur og aðgerðir	19%	53%	28%

Þetta stöplarit sýnir meðaltal Heiðarskóla undanfarin 3 ár í samanburði við landsmeðaltal.



Viðbrögð:

Nemendur í 7. bekk eru fyrir neðan meðaltal í íslensku og stærðfræði. Í íslensku erum við nokkuð undir og teljast niðurstöðurnar því ekki viðunandi. Í stærðfræði erum við alveg við meðaltalið og þarf að viðhalda þeim árangri sem er að nást þar. Kennarar á miðstigi og stjórnendur rýndu í niðurstöðurnar þegar þær lágu fyrir og skoðuðu leiðir til úrbóta.


Framfarir nemenda í samræmdum prófum

Á hverju ári fylgja niðurstöðum samræmdra prófa útreikningar á því hvort nemendur í 7. bekk og 9. bekk sýni framfarir frá samræmdu prófi í 4. bekk og 7. bekk eða ekki. Í skólanum

er lögð áhersla á að sem flestir nemendur bæti sig í meðallagi eða meira og stefnt er að því að 80% nemenda séu í þremur efstu flokkunum. Framfaraflokkarnir eru eftirfarandi:

Framfarir nemenda í íslensku í 7. bekk


Hér má sjá skífurit sem sýnir framfarir nemenda frá 4. bekk og í 7. bekk í íslensku



Ef skoðaður er framfarastuðull nemenda síðustu þrjú ár í íslensku kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í íslensku eru

Árið 2018	77%
Árið 2019	48%
Árið 2020	61%

Hér má sjá skífurit af framförum nemenda frá 4. bekk og í 7. bekk í stærðfræði



Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í stærðfræði eru:


Árið 2018	77%
Árið 2019	53%
Árið 2020	70%

Af þessu má vera ljóst að framfarir nemenda á samræmdum prófum milli 4. og 7. bekkjar árið 2020 er ekki eins og skólinn væntir. En ljóst er að undanfarin ár hefur hlutfall þeirra sem sýna svipaðar eða meiri framfarir en almennt gerist aukist og nálgast viðmið okkar um að 80% nemenda okkar tilheyri þeim hópi.

9. bekkur

Eins og áður hefur komið fram voru samræmd próf í 9. bekk valkvæð þetta skólaárið. Því mun þessi hluti sjálfsmatsskýrslunnar vera styttri en áður.

Langflestir nemendur tóku íslenskuprófið þar sem það var tekið í tölvu og ekki búið að taka ákvörðun um valkvæð próf þegar þau voru lögð fyrir. Rétt tæplega helmingur nemenda tók stærðfræði- og enskuprófin. Hér má sjá niðurstöður raðeinkunnna nemenda Heiðarskóla í 9. bekk í samanburði við landsmeðaltal. Einungis eru hér um niðurstöður í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður úr enskuprófinu voru ekki marktækar.



Próf	Hluti	Raðeinkunn 1 - 24	Raðeinkunn 25 - 75	Raðeinkunn 76-99
Íslenska	Heild	17%	51%	31%
	Lestur	26%	46%	29%
Stærðfræði	Heild	13%	74%	13%
	Reikningur og aðgerðir	0%	75%	25%

Úrvinnsla niðurstaðna samræmdra prófa

Erfitt er að meta niðurstöður úr samræmdum prófum 9. bekkjar þetta skólaárið. Ekki er hægt að bera saman við tölur fyrri ára og ekki við landsmeðaltal. Rýnt var í niðurstöður hvers nemanda sem tók prófið og einnig voru einkunnir skoðaðar út frá heildinni. Þegar niðurstöður úr samræmdum prófum bárust skólanum var skoðað staða hvers og eins nemanda og hvernig er hægt að vinna betur ákveðna þætti sem ekki komu nógu vel út.

4.1.2. Lestur og lesskilningur

Markvisst er unnið að því að efla lestur og lesskilning nemenda í Heiðarskóla. Unnið hefur verið eftir aðgerðaráætlun skólans sem var gefin út 2008 og hefur verið endurskoðuð og uppfærð í þrígang síðan þá, síðast skólaárið 2017 – 2018. Í aðgerðaráætluninni má m.a. sjá markmið, viðmið, mat og áætlun til umbóta. Í áætluninni er einnig fjallað um kennsluáferðir, lestrarþjálfun og hugmyndir um hvernig megi auka ánægju af lestri. Á tíu ára skólagöngu nemenda eru gerðar ýmsar kannanir þar sem hægt er að skoða sérstaklega lestur, lesskilning og hlustun. Lesferill er matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Á skólaárinu 2017 – 2018 var ákveðið að unnið yrði með matstæki Lesferils í öllum árgöngum. Lesfimiþrófin voru tilbúin til notkunar og leystu þau raddlestrarpróf skólans af hólmi. Umsjónakennarar í 1. – 6. bekk kanna lesfimi nemenda sinna, íslenskukennarar í 7. bekk og sérkennari í 8. – 10. bekk.

Til þess að meta stöðu nemenda í lesfimi og lesskilningi nýtum við okkur það ytra mat sem unnið er eins og samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk og Logos skimunarprófið sem lagt er fyrir í 3., 6. og 8. bekk. Forskimun lestrarerfiðleika á sér þó stað allt frá 1. bekk. Þegar niðurstöður úr þessum skimunum og könnunum eru skoðaðar má sjá hvernig nemendur Heiðarskóla standa sig miðað við jafnaldra.

Niðurstöður úr Skólapúlslinum, svörum nemenda í 6. – 10. bekk, gefa okkur vísbindingar um áhuga nemenda á lestri. Kennarar vinna með ýmsu móti að því að vekja áhuga nemenda

á lestri og nýta fjölbreyttar aðferðir til að efla lestur og lesskilning, s.s. gagnvirkan lestur og hugarkort.

LOGOS skimunarpróf

Starfsmenn fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar lögðu fyrir Logos skimunarpróf í 6. bekk og 9. bekk en þeir skilgreina útkomu á eftirfarandi hátt:

- Þeir sem eru undir 15 í hundraðsröð glíma við mikinn lestrarvanda
- Þeir sem eru á milli 15 og 30 eiga við minni lestrarvanda að etja og oft hægt með átaki að lyfta þeim upp yfir 30
- Allir yfir 30 eru í góðri stöðu

Í læsisstefnu Reykjanesbæjar eru sett fram viðmið um árangur í LOGOS lestrarskimun.

Viðmiðið er að 80% nemenda mælist utan áhættu en tekið er tillit til tvítyngdra nemenda.

Sú breyting hefur verið gerð á áætlun fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar að nemendur sem eru undir viðmiðum Menntamálastofnunar við lok 5. bekkjar og lok 8. bekkjar að vori fara í LOGOS lestrarskimun að hausti í 6. bekk og 9. bekk.

Nemendur í 6. bekk

Leshraði þeirra nemenda sem fóru í LOGOS skimunarpróf er í 45% tilvika í góðum málum, 10% eiga við minni vanda að etja og 45% eiga við mikinn lestrarvanda að etja.

Lesskilningur nemenda er í 90% tilvika í góðum málum, 10% eiga við mikinn vanda að etja.

Nemendur í 9. bekk

60% þeirra nemenda sem fóru í LOGOS skimunarpróf að hausti í 9. bekk eiga við minni vanda að etja í leshraða og 40% eiga við mikinn lestrarvanda að etja.

Lesskilningur nemenda er í 80% tilvika í góðum málum, 20% eiga við mikinn vanda að etja.

Viðbrögð:


Aðeins 16% nemenda í 6. og 9. bekk fóru í LOGOS skimun þetta skólaárið. Þessar niðurstöður sýna að lestrarárangur nemenda í þessum árgöngum er í mjög góðum málum. Hins vegar eru fáir nemendur sem eru skimaðir í 6. bekk í samræmi við niðurstöður

lesfimiþrófa eins og áður hefur komið fram. Þeir nemendur munu fá aukna lestrarþjálfun með ýmsum hætti.

Umsjónarkennarar, íslenskukennarar í 9. bekk, sérkennarar og stjórnendur fóru yfir stöðuna og lögðu til úrbætur. Þær fólust m.a. í því að nemendur í áhættuhópi fengu sérstaka lestrarþjálfun hjá sérkennara og svokölluðum lestrarþjálfurum í samræmi við lestraráætlun skólans. Nokkrir nemendur fóru auk þess í nánari lestrargreiningu.

Lesferill í 1.-10. bekk

Á skólaárinu voru öll þrjú lesfimiþrófin lögð fyrir í öllum árgöngum og er það í þriðja sinn sem það er gert. Þrófin eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Sama próf er lagt fyrir í öll þrjú skiptin og mæld eru orð á mínútu. Menntamálastofnun gefur út viðmið um árangur í hverjum árgangi og eru þau á þessa leið:





Tafla 1. Maiviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Nánar er hægt að lesa um lesfimiviðmið Menntamálastofnunar hér:

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf


Hér á næstu síðu má sjá myndrit fyrir niðurstöður í lesfimi nemenda Heiðarskóla í 1. – 10. bekk í september og í maí. Fremsta súlan sýnir viðmið Menntamálastofnunar.



Af efra myndritinu má sjá að í upphafi skólaárs voru niðurstöður lesfimiprófa allra árganga nokkuð langt frá viðmiðum Menntamálastofnunar. Á neðra myndritinu má svo sjá að framfarir á skólaárinu í öllum árgöngum eru töluverðar.

Mjög góður árangur hefur náðst í nær öllum árgöngum.

Á næsta myndriti má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum. Nær árgangar eru yfir landsmeðaltali, 8. bekkur er alveg við meðaltalið, sem telst mjög góður árangur.



Hér má svo sjá hlutfall nemenda sem tóku prófið í samanburði við allt landið:



Áhersla er lögð á að allir nemendur taki lesfimiþróf. Hafi það ekki tekist er það m.a. vegna þess að nemendur voru fjarverandi á þeim tíma sem prófað var.


Sérkennarar, deildarstjórar og umsjónar- og íslenskukennarar fóru yfir niðurstöðurnar og brugðist var við þeim. Viðbrögð felast m.a. í því að ákvarða hvaða nemendur fá sérstaka lestrarþjálfun í skóla. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður lesfimiþrófa á Mentor og foreldrar þeirra sem þurfa á markvissri þjálfun að halda eru upplýstir um viðbrögð um leið og óskað er eftir góðu samstarfi.

Lesskimun í 1. bekk

Umsjónarkennarar í samstarfi við sérkennara lögðu fyrir lesskimun í 1. bekk. Skimunin kannar stöðu nemenda við upphaf skólagöngu í eftirfarandi lestrarfærniþáttum:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Lesskimunarprófið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hversu vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum og veitir upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættu með að lenda í erfiðleikum við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning.



Nemendur í 1. bekk eru alls 34. Af myndritinu má sjá að mikill meirihluti nemenda er án áhættu í öllum þremur þáttum skimunarinnar. Teljast þessar niðurstöður vera góðar og er ágætt samræmi milli þeirra og niðurstaðna í lesfimi í þessum árgangi.

4.1.3. Stærðfræði og talnaskilningur

Að hausti leggja kennsluráðgjafar fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar fyrir talnalykilinn, sem

er stærðfræðiskimun fyrir 3. og 6. bekk. Í þessari skimun eru tveir prófþættir lagðir fyrir: reikningur og aðgerðir annars vegar og algebra og jöfnur hins vegar.

Talnalykill í 3. og 6. bekk

Í niðurstöðunum er nemendum skipt upp í tvo flokka:

3. bekkur

- nemendur sem hafa náð yfir 70% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 70% árangri

6. bekkur

- nemendur sem hafa náð yfir 70% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 70% árangri

Nemendur í 3. bekk

	Yfir 70% (fjöldi - %)	Undir 70% (fjöldi - %)
2019	18 - 69,2%	16 - 30,8%
2020	18 - 53%	16 - 47%

Árið 2020 fóru 53 % nemenda í 3. bekk yfir 70% af þeim námsþáttum sem prófaðir voru.

Nemendur í 6. bekk

	Yfir 70% (fjöldi - %)	Undir 70% (fjöldi - %)
2019	9 - 25,7%	26 - 74,3%
2020	7 - 15%	40 - 85%

15 % nemenda í 6. bekk hafa náð 70% af þeim námsþáttum sem prófaðir eru.

Viðbrögð:

Farið var yfir niðurstöður með kennurum og greint hvernig hver þáttur kom út. Kennarar fóru yfir niðurstöðurnar og gerðu áætlanir til úrbóta.

Úrvinnsla niðurstaðna

Niðurstöður sýna að fjöldi þeirra sem ná yfir 70% árangri í skimuninni hefur fækkað á milli ára sem er ekki viðunandi árangur. Skólinn mun fara í að vinna stærðfræðistefnu fyrir öll stigin og er eitt af markmiðum í þeirri stefnu að viðhalda árangri á milli skólaára í ýmsum könnunum þar sem kunnátta í stærðfræði er metin og viðhorf til stærðfræðinnar.

4.1.4. Viðhorf nemenda

Megináhersla er lögð á vellíðan nemenda og að þeir öðlist góða og haldbæra menntun. Í skólastarfinu á að skapa þær aðstæður að öllum líði vel bæði í starfi og leik.

Í skólastefnu skólans segir m.a

„Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.“

Áherslur og markmið:



VIÐ VILJUM AÐ NEMENDUR OKKUR SÉU:



Markvisst hefur verið unnið að þessum þáttum. Í starfsáætlun skólans og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig unnið er með nemendum til að styrkja þessa þætti. Leitast er við að meta hvort sú vinna hefur borið árangur m.a. með samræðum við nemendahópa og einstaklinga og niðurstöðum kannana s.s. úr Skólapúlsinum.

Nemendakönnun í 6. – 10. bekk

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í fimm hlutum þar sem 40 nemendur voru í úrtaki í hvert skipti. Heildarfjöldi þeirra nemenda sem voru í úrtakshópum er 200 og svöruðu 177 nemendur sem gerir 88,5% svörun. Úrtaksmánuðir skólans voru: september, nóvember, janúar, mars og maí. Valið á spurningunum sem lagðar voru fyrir var byggt að mestu á rannsóknnum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Menntamálastofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Spurningalistinn er á sjö tungumálum: íslensku, sænsku, dönsku, pólsku, litháísku, filippeysku og ensku. Eftirtaldir þættir í þremur flokkum voru mældir:

Virgni nemenda í skólanum:

Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi, trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsa:

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress - ástæður, einelti, tíðni eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði.

Skóla- og bekkjarandi:


Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum, tíðni leiðsagnarmats.

Virgni nemenda í skólanum - Niðurstöður

Viðmið Heiðarskóla í eftirfarandi þáttum sem mæla virgni nemenda er að mælingar sýni niðurstöður í eða yfir meðaltali samanburðarskólanna.

Ánægja af lestri

Í Skólapúlsinum er kvarði sem mælir ánægju nemenda á bókalestri. Nemendur okkar mælast marktækt undir meðaltali samanburðarskólanna í þessum þætti og dvínar ánægjan nokkuð á milli ára eins og sést á myndritinu.



Viðbrögð:

Eins og undanfarin ár var unnið að því að auka ánægju nemenda af lestri með ýmsum hætti, m.a. með hvatningu til foreldra um að sýna lestri barna sinna áhuga og hvatningu til nemenda um að lesa góðar bækur. Einnig með lestrarsprettum og rafrænum heimsóknnum rithöfunda svo fátt eitt sé nefnt. Haldið verður áfram með hvatningu og lestrarspretti en

einnig verður unnið að því að finna nýjar leiðir sem auka munu ánægju nemenda af lestri. Allir grunnskólar í Reykjanesbæ munu taka þátt í verkefni sem heitir Varúð skólabörn og er unnið í samstarfi við Ævar Benediktsson rithöfund og bindum við vonir við að það muni skila auknum áhuga hjá öllum nemendum.

Þrautseigja í námi


Þrautseigja í námi mælist alveg við meðaltalið eins og undanfarin ár. Lítil sem enginn munur er á milli kynja eða árganga.

Viðbrögð:

Áfram verður unnið markvisst með nemendum að því að auka þrautseigjuna. Kennarar leggja fyrir krefjandi verkefni og styðja við þá með hvatningu og leiðsögn. Nemendur setja sér raunhæf markmið í upphafi skólaársins sem stefnt skal að yfir ákveðið tímabil, með aðstoð kennara og foreldra. Þessi markmið eru síðan yfirfarin og ný markmið sett. Þeir aðilar sem að námi nemandans koma, þ.e. nemandinn sjálfur, kennari hans og foreldrar eiga með þessari vinnu samræðu um námið og er þar með öllum ljóst að hverju er stefnt. Við það að nemendur ígrundi nám sitt og setji sér markmið verða þeir ábyrgari og virkari í sínu námsferli. Fyrir vikið eru meiri líkur á því að nemendur sýni þrautseigju þegar verkefnið verða krefjandi.

Áhugi á stærðfræði

Skólinn mælist marktækt undir meðaltali í áhuga á stærðfræði. Allir árgangar mælast undir meðaltali og einnig bæði stúlkur og drengir. Áhugi á stærðfræði hefur lækkað töluvert undanfarin tvö ár samkvæmt Skólapúlsinum.



Viðbrögð:

Stærðfræðikennarar hafa farið yfir niðurstöðurnar og munu áfram vinna að því að viðhalda og auka áhuga nemenda. Skólinn mun fara í að vinna stærðfræðistefnu fyrir öll stigin og er eitt af markmiðum í þeirri stefnu að auka áhuga nemenda á stærðfræði.

Ánægja af náttúrufræði

Ánægja af náttúrufræði mælist marktækt undir meðaltali líkt og undanfarin ár.

Viðbrögð:

Á næstu árum verður farið í að endurskoða alla náttúrufræðikennslu og unnið að leiðum til að gera hana markvissari og áhugaverðari. Verkleig kennsla mun aukast og tenging við nærsamfélagið verður gerð sýnilegri. Kennari í náttúrufræði mun leita leiða til að vinna að þessum markmiðum með góðu skipulagi og setja vörður á leiðina þar sem vinnan er metinn.

Trú á eigin vinnubrögðum í námi

Trú á eigin vinnubrögðum í námi er í landsmeðaltali hjá nemendum okkar. Enginn munur er á milli kynjanna. Á landsvísu fer þessi þáttur dvínandi þ.e. færri nemendur virðast hafa trú á eigin vinnubrögðum í námi.

Trú á eigin námsgetu

Trú á eigin námsgetu mælist við meðaltalið, þó ekki marktækt. Stúlkur virðast hafa meiri trú á eigin námsgetu en strákar.

Viðbrögð:

Eftir sem áður verður unnið að því að efla trú nemenda á eigin vinnubrögðum í námi með hvatningu og jákvæðu námsumhverfi. Unnið verður markvissa að því að tengja uppeldi til ábyrgðar við jákvætt námsumhverfi og árangur í námi.

Líðan og heilsa - Niðurstöður

Viðmið Heiðarskóla í eftirfarandi þáttum sem mæla virkni nemenda er að mælingar sýni niðurstöður í eða yfir meðaltali samanburðarskólanna. Skólinn setur sér önnur viðmið í tveimur þáttum. Í eineltis þættinum er viðmiðið að skólinn sé í eða undir meðaltali og í tíðni hreyfingar a.m.k. 5 % yfir landsmeðaltali.

Sjálfsálit

Þessi þáttur mælist rétt undir landsmeðaltali, þó ekki marktækt. Strákar mælast mun hærra en stelpur bæði í skólanum og á landsvísu.

Viðbrögð:

Kennarar vinna áfram að því að efla jákvæða sjálfsmynd nemenda og huga að sjálfstyrkingu þeirra. Unnið verður með jákvæðan bekkjarbrag og eflandi skólaumhverfi.

Stjórn á eigin lífi

Nemendur mælast í heildina í meðaltali jafnaldra í samanburðarskólunum.

Vellíðan

Vellíðan er mæld með því að spyrja hversu oft nemendur upplifðu eftirfarandi tilfinningar í gær; gleði, áhyggjur, depurð, að vera niðurdregin(n), reiði og/eða stress eða kvíða.

Í niðurstöðunum kemur fram að vellíðan nemenda er undir landsmeðaltali. Þróunin hafði verið jákvæð þrjú ár á undan en mikil breyting hefur verið á milli ára.

Viðbrögð

Þessi þáttur helst í hendur við stjórn á eigin líðan. Unnið verður með sjálfstyrkingu nemenda og leitað leiða til að efla ábyrgðartilfinningu þeirra. Einnig verður hugað að vellíðan nemenda og fundið leiðir til að auka vellíðan almennt.

Einelti

Þegar spurt er um einelti mælist það marktækt yfir landsmeðaltali, þ.e. mælist hærra en í samanburðarskólunum. Stelpur mælast hærra en strákar og erum við yfir í öllum árgöngum miðað við landsmeðaltal.

Tíðni eineltis

Tíðni eineltis í niðurstöðum mælist marktækt yfir landsmeðaltali. Í 6., 8. og 9. bekk mælist tíðni yfir landsmeðaltali en undir í 7. og 10. bekk.

Viðbrögð:

Niðurstaðan er ekki ásættanleg. Farið verður í að rýna niðurstöður enn frekar. Unnið verður að því að efla bekkjarbrag, halda bekkjarfundi reglulega og áætlun gerð sem miðar að því að

leysa samskiptamál fyrr áður en þau flokkast sem einelti. Samstarf námsráðgjafa og umsjónarkennara verður áfram öflugt og eftir sem áður verður unnið í anda Uppbyggingarstefnunnar. Tengslakannanir verða lagðar fyrir í bekkjum og unnið verður markvisst úr þeim til að styrkja þá sem ekki eru í hóp og auka tengingu á milli allra í bekknum. Einnig verður farið í að efla félagsfærni nemenda.

Hreyfing

Hreyfing mælist marktækt vel yfir landsmeðaltali. Tíðni hreyfingar mælist marktækt yfir meðaltali meðal stúlkna og drengja og langt yfir meðaltali í 7. og 10. bekk. Í 7. bekk hreyfa nemendur sig reglulega í 73,3% tilvika en hlutfallið í samanburðarskólunum er 52,4%. Í 10. bekk hreyfa nemendur sig reglulega í 65,6% tilvika en hlutfallið í samanburðarskólunum er 31,8%

Viðbrögð:

Mikilvægt er að halda áfram að styðja við hreyfingu nemenda og skapa þeim jákvæðar fyrirmyndir. Skólahreysti er stór þáttur í því ásamt íþrótt- og útivistardögum sem eru fastir liðir í skólastarfinu. Ánægja ríkir meðal nemenda með að fá íþróttaiðkun sína metna sem valgrein.

Mataræði

Mataræði er mælt með því að spyrja hversu oft nemendur neyttu eftirfarandi á síðustu 7 dögum:

- Ávextir (t.d. epli, appelsínur, bananar)
- Skyndibitar (t.d. hamborgarar, pítsa, franskar kartöflur)
- Grænmeti (t.d. gulrætur, salat, gúrka, paprika)
- Gosdrykkir (t.d. kók, pepsí)
- Vítamín eða fjölvítamín

Skólinn mælist í meðaltali jafnaldra í samanburðarskólum.

Skóla- og bekkjarandi - Niðurstöður

Viðmið Heiðarskóla í eftirfarandi þáttum sem mæla virkni nemenda er að mælingar sýni niðurstöður í eða yfir meðaltali samanburðarskólanna.

Samsömun við nemendahópinn

Í könnuninni er kvarði sem mælir samsömun nemenda við nemendahópinn og er honum ætlað að draga saman viðhorf nemenda til skólans og meta að hve miklu leyti nemendum þykja þeir tilheyra nemendahópnum og að skólinn sé staður þar sem þeim líður vel. Í heild mælast nemendur okkar rétt við meðaltalið.

Viðbrögð:

Umsjónarkennarar vinna markvisst að því að skapa samheldni innan bekkja og árganga og efla samvinnu nemenda. Haldnir eru bekkjarfundir og unnið er markvisst að því að efla samheldnina.

Samband nemenda við kennara

Nemendur mælast marktækt undir í þessum þætti og hefur töluvert dregið úr frá árinu á undan. Það eru 6., 7. og 8. bekkur sem eru undir en 9. og 10. bekkur mælast alveg við meðaltal.

Viðbrögð:

Í þessum matsþætti eru spurt hversu ósammála eða sammála nemendur eru eftirfarandi setningum:

- ✓ Nemendum semur vel við flesta kennara
- ✓ Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel
- ✓ Flestir kennarar mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja
- ✓ Ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurum mínum
- ✓ Flestir kennarar eru sanngjarnir við mig

Greinilegt er að efla þarf samband nemenda og kennara. Unnið verður að því með bekkjarfundum, vinnu í uppbyggingarstefnunni og auknu nemendalýðræði.

Agi í tímum

Þegar spurt er um aga í tímum mælist hann í meðaltali samanburðarskólanna. Agi mælist í meðaltali meðal drengja og stúlkna. Í 9. og 10. bekk mælist agi yfir landsmeðaltali en rétt undir meðaltali í 6., 7. og 8. bekk

Viðbrögð:

Undanfarin ár hafa kennarar m.a. samstillt aðferðir sínar við agastjórnun. Í heildina má sjá að árangur hefur náðst af þeim viðbrögðum. Áfram verður unnið að því að bæta aga í skólanum.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Nemendur skólans mælast marktækt alveg við meðalal. 9. bekkur er eini árgangurinn sem mælist yfir meðaltali, aðrir árgangar eru alveg við meðaltalið.

Tíðni leiðsagnarmats

Nemendur skólans mælast marktækt undir meðaltali samanburðarskólanna. Allir árgangar nema 10. bekkur mælast undir og einnig bæði kynin. Þessi þáttur hækkaði örlítið frá síðasta skólaári.

Viðbrögð

Nemendur Heiðarskóla mældust einnig undir í þessum þáttum síðastu tvö skólaár. Ytra mat Menntamálastofnunnar skólaárið 2019 – 2020 gaf til kynna að betur þyrfti að gera í þessum efnum. Leiðbeinandi kennsluhættir eru í umbótaáætlun skólans. Kennarar eru mjög áhugasamir og viljugir til þess að bæta þessa þætti og verður áfram unnið að því.

4.2. Starfsmannakannanir

4.2.1 Starfsmannakönnun Skólapúlsins

Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir þriðja hvert ár og var hún framkvæmd á þessu skólaári. Var hún lögð fyrir í mars og mældi 11 almenna þætti. Að auki voru starfsmenn sem stunduðu kennslu beðnir að gefa upplýsingar um 31 þátt til viðbótar. Viðmiðunarhópur rannsóknarinnar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra 41 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðunandi svarhlutfalli. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Svarhlutfall starfsmanna Heiðarskóla var 89,7% og endurspeglar niðurstöðurnar því almennt viðhorf starfsfólks í skólanum.

Heiðarskóli setur sér þau viðmið að vera í eða yfir meðaltali í öllum þáttum starfsmannakönnunarinnar að undanskildum þeim þáttum sem mæla áreitni og einelti meðal starfsfólks. Að vera í eða yfir meðaltali gildir einnig um símenntun kennara en niðurstöður úr þeim þætti könnunarinnar eru bornar saman við það sem fram kemur í starfsmannasamtölum. Eftirtaldir liðir í 8 flokkum voru mældir:

Starfið	Kennarar – kennarastarfið
Starfsmenn	Kennarar – starfsumhverfi kennara
Vinnustaðurinn	Kennarar – Símenntun kennara
Stjórnun	Opin svör

Í heildina kom könnunin vel út. Almenn starfsánægja, góður starfsandi og ánægja með stjórnun eru þættir sem komu mjög vel út. Vinnuálag, einstaklingsvinna í bekk og stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarörðugleika eru þættir sem þarf að gera úrbætur á.

Starfið


Í þessum lið voru fjórir þættir mældir; *vinnuálag, skýrleiki hlutverks, ágreiningur um hlutverk og jákvæðar áskoranir í starfi*. Þessir þættir komu vel út nema vinnuálag sem var marktækt yfir landsmeðaltali en ekki var um mikinn mun að ræða. Unnið verður að betra skipulagi þannig að vinnuálagið dreifist meira.

Starfsmenn

Í þessum lið voru þrjú þættir mældir; *leikni í starfi, skuldbinding vinnustaðarins, skörun vinnu og einkalífs*. Leikni í starfi og skörun vinnu og einkalífs voru alveg við landsmeðaltal. Skuldbinding til vinnustaðarins var marktækt yfir landsmeðaltali sem segir okkur að starfsfólkið sé ánægt með vinnustaðinn og mæli með honum.

Vinnustaðurinn

Í þessum lið voru átta þættir mældir; *starfsandi, ánægja með vinnuaðstöðu, stuðningur frá samstarfsfólki, stuðningur við nýsköpun, mismunun, einelti (3)*. Allir þessir þættir komu vel út. Starfsandinn mælist marktækt yfir landsmeðaltali eins og sjá má á eftirfarandi mynd.



Ánægja með vinnuaðstöðu mælist einnig marktækt yfir landsmeðaltali. Einelti mælist marktækt undir landsmeðaltali. Enginn starfsmaður telur að annar en hann sjálfur verði fyrir einelti. Einn starfsmaður telur sig hafa verið lagðan í einelti. Þótt niðurstöður séu góðar og marktæk greining sé á þeim þá viljum við ekki að fólk upplifi eða verði fyrir einelti og munum alltaf vinna að því að þessi þáttur mælist ekki.

Stjórnun

Í þessum lið voru fjórir þættir mældir; *stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta, valdeflandi forysta og ræktun mannauðs*. Allir þessir þættir mældust marktækt yfir landsmeðaltali.

Kennarar – kennarastarfið

Í þessum lið voru ellefu þættir mældir; *ánægja með kennarastarfið, trú kennara skólans á eigin getu, upplýsingamiðlun til foreldra, áætlaður meðaltími í heimavinnu á viku, undirbúningur kennslu í skólanum, öllum bekknum kennt í einu, hópavinna í bekk, einstaklingsvinna nemenda, einstaklingsmiðuð kennsla, áhersla kennara á námsmat með prófum og áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum*. Flestir þættir komu vel út og mældust réttu megin við landsmeðaltal. Einstaklingsvinna í bekk mældis þá marktækt undir landsmeðaltali. Setja þarf upp skipulag þar sem nemendur eru hvattir til að vinna meira sjálfstætt að verkefnum sínum.

Kennarar – starfsumhverfi kennara

Í þessum lið voru fimm þættir mældir; *stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika, stuðningur við kennara vegna nem. með hegðunarörðugleika, faglegur stuðningur skólastjóra við kennara, samráð um kennslu og samvinna vum kennslu*. Þessi liður kom síst út í könnuninni. Tveir þættir voru marktækt undir landsmeðaltali, stuðningur við kennara vegna nem. með hegðunarörðugleika og samráð um kennslu. Efla þarf stuðning við kennara vegna nem. með hegðunarörðugleika og gera stuðninginn sýnilegri. Einnig þarf að koma á umhverfi þar sem kennarar geta átt samtali og samráð um kennslu.

Kennarar – símenntun kennara

Í þessum lið voru sex þættir mældir; *fjöldi daga í símenntun undanfarið, símenntunarþörf kennara (2), hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 12 mánuði, leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mánuði (opin svör)*. Kennarar eru mjög duglegir að sækja sér símenntun og er skólinn töluvert yfir landsmeðaltali. Skólinn er marktækt undir í þættinum símenntunarþörf kennara. Þessi þáttur er metinn með því að spyrja kennara um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ellefu sviðum. Stjórnendur munu rýna í þessar niðurstöður og koma með lausnir þannig að kennarar geti öðlast frekari þekkingu á þessum sviðum.


4.2.2 Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar

Vinnustaðagreining var gerð af Maskínu fyrir Reykjanesbæ. Markmið hennar var að kanna viðhorf og líðan starfsmanna í þeim tilgangi að gera Reykjanesbæ að betri vinnustað. Vinnustaðagreiningin fór fram í október og nóvember. Könnunin var send í tölvupósti til allra starfsmanna og var svarhlutfall starfsmanna í skólanum 82,1%.

Niðurstöður voru almennt mjög góðar og sýndu góða starfsánægju starfsfólks Heiðarskóla. Hér má sjá mynd af þeim þáttum sem metnir voru og þá samanburð Heiðarskóla við heildina.



Skólinn er yfir meðaltali á öllum þáttum og skorar hátt í frammistöðu í starfi og starfsánægju. Hér má svo sjá þrjár spurningar þar sem niðurstöður sýndu hvað vel er gert og svo þrjár spurningar sem sýn hvað það er sem má bæta:



Eftir að niðurstöður lágu fyrir var farið í að skoða sóttvarnir og aðrar ráðstafanir vegna Covid-19 og reynt að hafa allt ferlið skýrara og með góðum upplýsingum.

Í könnuninni var starfsfólk beðið um að velja þrjú orð sem lýsa best þeirra vinnustað. Orðaský Heiðarskóla lýtur svona út og getum við verið afar stolt af því.



4.3. Foreldrakannanir

4.3.1 Foreldrakönnun Skólapúlsins

Foreldrakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar og er fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Fjöldi þátttakenda voru 121 og fjöldi þeirra sem svöruðu var 104 sem er 86% svarhlutfall.

Eftirtaldir liðir í 6 flokkum voru mældir:

Nám og kennsla	Velferð nemenda
Aðstaða og þjónusta	Foreldrasamstarf
Heimastuðningur	Opin svör

Í ár var aukaspurning í könnunni sem sneri að ánægju foreldra með COVID viðbrögð.

Í heildina kom könnunin mjög vel út. Almenn ánægja er hjá foreldrum með skólastarfið í heild. Skólinn var marktækt yfir í 6 þáttum en aðeins marktækt undir í einum þætti.

Nám og kennsla

Í þessum lið voru fjórir þættir mældir; ánægja foreldra með stjórnun skólans, ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum, hæfileg þyngd námsefnis og hæfilegur agi í skólanum. Skólinn var yfir í öllum þessum þáttum og marktækt yfir í ánægju með stjórnun skólans.

Velferð nemenda

Í þessum lið voru ellefu þættir mældir; *Ánægja með samskipti starfsfólk við nemendur, ánægja með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda, líðan nemenda í skólanum almennt, líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra, líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra, umfang eineltis, ánægja með úrvinnslu skólans á eineltismálum, ánægja með eineltisáætlun skólans, meðaltímabil eineltis og staðir innan skólans sem einelti á sér stað.*

Almennt var góð niðurstaða í þessum þáttum, enginn þáttur marktækt yfir eða undir. Foreldrar eru ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda og úrvinnslu skólans á eineltismálum. Skoða þarf betur líðan nemenda í frímínútum og hraða á vinnslu eineltismála.

Aðstaða og þjónusta


Í þessum lið voru sjö þættir mældir; *ánægja með aðstöðu í skólanum, ánægja með tómsundabjónustu, hlutfall nemenda í frístund (2), ánægja með máltíðir í mötuneyti, notkun á mötuneyti og ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti.*

Allir þættir komu vel út og mældist skólinn marktækt yfir í þættinum ánægja með tómsundabjónustu.

Foreldrasamstarf

Í þessum lið voru ellefu þættir mældir; *frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, áhrif foreldra á ákvarðanir fyrir nemendur, leitað eftir frá foreldrum og ábendingar teknar til greina, þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa áhrif á (2), ánægja með síðasta foreldraviðtal (2), þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum, mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum, ánægja með heimasíðu skólans og foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá.*

Skólinn mældis marktækt yfir í tveimur þáttum, þátttöku foreldra í gerð námsáætlunar með nemendum og foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá.



Eins og sjá má á þessu myndriti mælist skólinn nokkuð hátt yfir landsmeðaltali í þátttöku foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum.

Skólinn mældis marktækt undir í þættinum frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi. Farið var yfir þessar niðurstöður með kennurum og tillögur gerðar að úrbótum sem unnið verður frekar með.

Heimastuðningur

Í þessum lið voru sex þættir mældir; *virgni foreldra í námi barna sinna, vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu, hæfileg heimavinna að mati foreldra, tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, væntingar foreldra um háskólanám og væntingar foreldra um iðnám*. Skólinn var yfir í fimm þáttum og marktækt yfir í þessum þremur: *virgni foreldra í námi barna sinna, vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu og tími sem foreldrar aðstoða við heimanám*.

Auka spurning vegna COVID

Auka spurning var í könnuninni í ár um hvað foreldrum fannst um viðbrögð skólans í COVID. Foreldrar voru almennt mjög ánægðir með viðbrögð skólans, 97,8% foreldra voru frekar eða mjög ánægðir með hvernig skólinn tók á þessum málum.


4.3.2 Viðhorf foreldra til streymis árshátíðar

Send var út könnun til foreldra á yngsta- og miðstigi skólans um viðhorf þeirra til streymis af árshátíð skólans. Hundrað foreldrar svöruðu könnuninni. Spurt var hvort þeir hefðu horft á streymi árshátíðarinnar og hvort þeir vilji hafa streymi áfram eða val um hvort þeir komi eða horfi á streymi.

Eins og sjá má á myndritinu hér fyrir neðan var almenn ánægja með streymið og mjög margir sem horfðu á árshátíðina. Eins var mikill meirihluti sem finnst gott að hafa val um að koma á árshátíðina eða horfa á hana í gegnum streymi.


1. Horfðir þú á streymi árshátíðar Heiðarskóla á yngsta- og/eða miðstigi?

[More Details](#)



2. Hvað af eftirtöldu á best við fyrir þig:

[More Details](#)



Boðið var upp á opin svör þar sem foreldrar gátu komið með ábendingar eða athugasemdir. Nítján foreldrar skrifuðu í þeim lið og voru það allt mjög góðar ábendingar sem við munum vinna áfram með.

4.4. Framkvæmdarmat á nokkur verkefni á skólaárinu 2020 - 2021

Í upphafi skólaárs var lögð fram umbótaáætlun sem sjá má í eftirfarandi töflu þar sem einnig kemur fram mat á framkvæmdinni.

Efnisþættir	Aðgerðir/Viðbrögð	Umsjón	Viðmið	Mat á framkvæmd
Brosandi börn	Verkefnastjóri var settur á verkefnið. Tenging gerð við fræðsluskrifstofu. Reglulegir fundir settir á til að fara yfir stöðuna.	Verkefnastjóri og skólastjórnenndur	Að ÍSAT kennsla færist enn meira inn í bekkjarkennsluna, unnið í samvinnu við kennara bekkjarins	Verkefnið gekk ágætlega. Fyrsta skrefið tekið í að tengja ÍSAT meira inn í kennslustundir bekkjarins.
Ánægja í náttúrufræði	Unnið var að því að vera með meiri verklega kennslu og útikennslu í náttúrufræði, fjölbreyttari kennsluáðferðir. Fleiri tilraunir gerða eftir kafla í bókunum.	Náttúrufræðikennari, umsjónakennarar á yngsta- og miðstigi, skólastjórnenndur.	Leitum leiða til þess að auka ánægju í náttúrufræði.	Ef miðað er við niðurstöður í Skólaláttunum þá tókst ekki að vekja frekari áhuga hjá nemendum í náttúrufræði. Stefnt er að því að reyna að bæta okkur í þessum þætti og er einn liður í því að ræða við nemendur og fá þeirra sýn og hugmyndir að því hvernig við getum snúið þessu við. Einnig munum við halda áfram að leita leiða til þess að auka ánægju af náttúrufræði með því að efla verklega kennslu í náttúrufræði, auka samvinnu milli stiga og nýta umhverfið sem í kringum okkur er.

Lestur og lestraránægja	Unnið var í að bæta bókalista nemendanna í skólanum þannig að allir gætu fundið bækur vð sitt hæfi. Bækur voru hafðar sýnilegar á göngum skólans. Lestrarteymið var með hugmyndir til að auka gæði lestur og áhuga nemenda.	Kennarar, lestrarteymi og skólastjórnendur	Leitað leiða til þess að viðhalda lestraránægju og auka áhuga á lestri.	Niðurstöður í Skólapúlslinum sýna að ánægja nemenda á lestri hefur ekki aukist. Niðurstöður í lesfimi sýna að árangur nemenda í lestri hefur aukist töluvert. Við teljum að með áframhaldandi áætlun þá munum við ná að auka ánægju nemenda af lestri, það tekur bara aðeins lengri tíma. Í samvinnu við stjórnendur og kennara hefur lestrarteymi það fyrir höndum að leita fleiri leiða til þess að auka lestraránægju nemenda.
Tækni í námi og kennslu	Í Heiðarskóla er starfsmaður sem hefur þá ábyrgð að annast m.a. stuðning við kennara í tæknimálum ásamt því að auka þekkingu nemenda í tæknimálum. Unnið var áfram með að nýta þekkingu og krafta starfsmannsins til að að auki reynt að efla kennara í að nýta sér tæknina og fá aðstoð hvað sé hægt að gera í ákveðnum verkefnum.	Kennarar og skólastjórnendur	Að gera heildstæða námskrá í tækni og nýsköpun. Tölvuveri verður breytt í tæknirými	Þetta hefur gefist mjög vel og mun þessi vinna og þetta verkefni halda áfram. Unnið hefur verið að því að gera heildstæða námskrá og sú vinna fer fram áfram inn í næsta skólaár. Tölvuverið var endurbætt til muna me nýjum tölvum og húsgögnum. Mikið pláss hefur um leið myndast til að vinna með aðra tækni.
Markmið og námsmat	Nemendur setja sér markmið á fyrsta samskiptafundi að hausti. Unnið er áfram með námsmarkmiðin og farið yfir þau á samskiptadegi að vori. Kennarar í 9. bekk voru með nemendastýrð viðtöl sem gáfust mjög vel. Stefnt er að því að fleiri kennarar taki þau upp næsta skólaár.	Kennarar og skólastjórnendur	Að kennarar og nemendur eigi samtal um námsmat og nemendur séu meðvitaðir um markmið námmatsins og markmið sín	Samkvæmt niðurstöður í Skólapúlslinum þá náðist árangur í þessum lið. Haldið verður áfram með vinnuna og ýtt frekar undir að nemendur setji sér sín markmið í námi.
Uppeldi til ábyrgðar	Þessi uppbyggingarvinna er í stöðugri vinnu og þróun. Mikill hugur var að bæta okkur enn frekar í vinnu tendri uppbyggingarstefnunni, gera hana virkari og að allir í skólanum þekki grunnaðferðir stefnunnar. Uppbyggingarteymið var virkara og gerði stefnuna í stöðugri þróun og innleiðingu. Stefnt er að því að gera Uppeldi til ábyrgðar sýnilegra innan skólans þannig að gestir	Kennarar og skólastjórnendur.	Kennsluáætlun í stefnunni hrint í framkvæmd með leiðsögn og eftirfylgni.	Gerð var kennsluáætlun og hún kynnt öllum kennurum. Minnt var á hana reglulega og gátu þeir sem vildu fengið leiðsögn með verkefni. Í ákveðnum verkefnum gerði teymið góðan undirbúning að verkefnum sem kennarar áttu að fylgja eftir.

	og gangandi upplifi að þeir séu í uppbyggingarskóla.			
Teymiskennsla	Stefnt var að því að kennarar fái gagnlegar hugmyndir um teymiskennslu og verkefni tengd þeim. Við viljum vera með fjölbreytta kennsluhætti sem nýtist ólíkum einstaklingum eins og teymiskennslu, hópavinnu, hringekjur og fleira.	Samfélags- og náttúrufræðikennarar á miðstigi og skólastjórendur	Unnið í anda teymiskennslu í Heiðarskóla í samfélagsfræði og náttúrufræði	Vegna COVID viðbragða þá varð ekki eins mikið úr þessum þætti og við hefðum viljað. Ekki var hægt að blanda nemendum og ekki færa nemendur á milli rýma. Stefnt er á að auka teymiskennslu á næstu misserum.

5. Samantekt

Í ljósi niðurstaðna á mati fyrir skólaárið 2020 – 2021 hefur verið gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Þar verður lögð áhersla á að auka ánægju nemenda í lestri, efla góð samskipti og auka vellíðan nemenda, auka ánægju í stærðfræði og efla skólaþróun starfsmanna.

- Niðurstöður í Skólapúlsinum sýndu að ánægja nemenda í bókalestri var marktækt undir landsmeðaltali og raðeinkunn nemenda í lestri í samræmdum prófum má vera hærri í öllum árgöngum. Því mun áætlun verða sett af stað með það að markmiði að auka ánægju nemenda af lestri og viðhalda góðum lestrarárangri.
- Niðurstöður Skólapúlsins sýndu að nemendur mælast marktækt undir í stærðfræðiáhuga. Einnig koma niðurstöður í Talnalykli ekki nógu vel út. Á næsta ári mun verða unnin stærðfræðistefna fyrir Heiðarskóla og hún svo innleidd í framhaldi af útgáfu.
- Niðurstöður í nemendakönnun Skólapúlsins sýndu að auka þarf trú nemenda á eigin vinnubrögðum, auka vellíðan nemenda og að of margir upplifa sig lagða í einelti. Niðurstöður í foreldrakönnun Skólapúlsins sýndi að foreldrar telja að nemendum líði ekki nógu vel í frímínútum og að hraði eineltismála sé ekki nægur. Unnið verður markvisst með þessa þætti á næsta skólaári. Áætlun verður sett af stað sem miðar að því að efla góð samskipti milli nemenda og auka vellíðan þeirra.
- Niðurstöður í starfsmannakönnun Skólapúlsins sýndu að kennarar eru marktækt undir í þættinum símenntunarþörf kennara. Farið verður í vinnu til að koma til móts við þessa þörf og tengja starfsþróun kennara inn í skólastarfið.

Umbótaáætlun 2021 – 2022

Verkefni	Inntak	Þátttakendur	Ábyrgðar- aðilar	Tími	Mat
Lestur er lífsins leikur	Að auka ánægju nemenda í lestri sem helst í hendur við góðan lestrarárangur í lesfimi.	Kennarar, foreldrar, nemendur	Skólastjórnendur	Við viljum sjá mælanlegan árangur í Skólapúlsinum skólaárið 2021 – 2022 og að við náum að viðhalda þeim árangri 2022 - 2023	Niðurstöður úr Skólapúlsinum. Niðurstöður úr lesfimi MMS. Könnun frá skólanum til nemenda sem snýr aðeins að lestri.
Góð samskipti og vellíðan nemenda	Að nemendum líði vel í skólanum, að nemendur eigi í góðum samskiptum. Að skólinn stuðli að öruggi og heilbrigðu umhverfi.	Starfsfólk skóla, nemendur	Skólastjórnendur	Við viljum sjá mælanlegan árangur í Skólapúlsinum skólaárið 2021 – 2022 og að við náum að viðhalda þeim árangri 2022 - 2023	Niðurstöður úr Skólapúlsinum.
Það er gaman í stærðfræði	Til þess að ná góðum árangri og góðum skilningi í stærðfræði er mikilvægt að byggja upp jákvætt stærðfræðiumhverfi. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að vera virkir í eigin námi og læra af eigin reynslu. Unnin verður stærðfræðistefna Heiðarskóla	Kennarar, nemendur	Skólastjórnendur	Við viljum sjá mælanlegan árangur í Skólapúlsinum skólaárið 2022 – 2023.	Niðurstöður úr Skólapúlsinum. Könnun lögð fyrir nemendur og kennara.
Farsælt skólastarf (Fjölbreytt og öflug skólapróun)	Að tengja starfsþróun kennara inn í skólastarfið. Að koma til móts við símenntunarpörf kennara.	Kennarar, skólastjórnendur	Skólastjórnendur	Skólaárið 2021 - 2022	Niðurstöður úr Skólapúlsinum. Könnun lögð fyrir kennara.